



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2007
Tilvísun: UST20070300018/6aj

Vinnsla grunnvatns fyrir vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi. Frekari umsögn um matsskyldu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar í ljósi gagna sem bárust frá Almennu verkfræðistofunni 17. apríl sl.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um matsskyldu fyrrgreindrar framkvæmdar þann 21. mars sl. Í umsögn stofnunarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að kynna mótvægisáðgerðir vegna rennslisminnkunar í læk sem rennur frá lindum við Hlíðarenda öllum hlutaðeigandi aðilum auk þess sem kynna ætti vandlega sömu aðilum framkvæmdina og hugsanleg umhverfisáhrif hennar. Umhverfisstofnun ítrekar nauðsyn þess að þetta verði gert áður en hafist verður handa við framkvæmdir á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og taldi umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar ófullnægjandi. Benti stofnunin í því sambandi á að stærð fyrirhugaðra mannvirkja væru óljós auk þess sem mannvirkin gætu hugsanlega skert útsýni frá bæjum og frístundahúsum í nágrenni iðnaðarsvæðisins. Benti stofnunin einnig á að birta ætti myndir þar sem afstaða bygginga væri sýnd til að hægt væri að meta hugsanleg sjónræn áhrif þeirra.

Umhverfisstofnun fundaði með ráðgjöfum framkvæmdaraðila þann 27. mars sl. og varð niðurstaða þess fundar m.a. sú að framkvæmdaraðili myndi útbúa myndir þar sem fyrirhugað verksmiðjuhús yrði sett inn á myndina. Umhverfisstofnun bárust umrædd gögn með tölvupósti 2. og 3. apríl sl. Að mati stofnunarinnar eru ekki líkur á að umrædd framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif.

Umhverfisstofnun gerði einnig, í fyrnefndri umsögn, athugasemdir við umfjöllun framkvæmdaraðila um hljóðvist. Í því sambandi benti stofnunin á nálægð frístundahúsa við fyrirhugað iðnaðarsvæði sem og hugsanleg áhrif flutningabifreiða á hljóðvist innan þéttbýlis Þorlákshafnar.


Á fyrnefndum fundi ráðgjafa framkvæmdaraðila og Umhverfisstofnunar lögðu ráðgjafar fram afrit af gögnum frá Vegagerðinni um hljóðvist á Suðurstrandarvegi og frekari umfjöllun


um hljóðvist og er eftirfarandi lýsing á áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðvist fengin frá fyrrgreindum ráðgjöfum: „Í gögnum frá Vegagerðinni kemur fram að áætluð umferð milli Þorlákshafnar og Grindavíkur er 80 fólkubílar á dag og 80 þungaflutningabílar. Reikningar á hljóðstigi miðað við þessa umferð sýna að jafngildishljóðstig frá umferðinni er komið niður fyrir 47 dB(A) í 150-200 m fjarlægð frá veginum og niður fyrir 35 dB(A) í um 350 m fjarlægð. Áætluð umferð til og frá vatnsátöppunarverksmiðju (þjóðvegur 427) nemur að hámarki um 80 þungaflutningabílum á sólarhring að jafnaði auk fólkubílaumferðar sem verður aðeins brot af þeirri umferð sem áætluð er á Suðurstrandarvegi. Þessi samanburður bendir til að hávaði frá umferð á þjóðvegi 427 verði innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, bæði gagnvart sumarhúsum á svæðinu sem eru í 300-400 m fjarlægð frá vegi og gagnvart íbúðarhúsum að Litlalandi og Breiðabólstað sem eru í 200-300 m fjarlægð frá vegi. Viðmiðunargildi fyrir íbúðarhúsnaði annars vegar og sumarhúsabyggð hins vegar eru 55 dB(A) og 45 dB(A).

Hvað varðar hljóðvist í Þorlákshöfn bentu ráðgjafar framkvæmdaraðila á að skv. mynd á bls. 46 í matsskýrslu Vegagerðarinnar vegna Suðurstrandarvegar er fyrirhugað að aðgreina umferð inn í Þorlákshöfn þannig að umferð að höfninni verði aðgreind frá umferð að íbúðabyggð. Telur framkvæmdaraðili að hávaði frá aukinni umferð vegna vatnsátöppunarverksmiðju muni hafa lítil áhrif hafa nema í iðnaðarhverfinu næst höfninni. Umhverfisstofnun telur að sýnt hafi verið fram á með framangreindum upplýsingum að tryggt verði að hljóðvist verði innan þeirra marka sem getið er um í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og gerir því ekki athugasemdir við áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur þeim vafaatriðum er varða framkvæmdina verið svarað og er það álit stofnunarinnar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður